

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Guðrún Pálsdóttir, Árni Stefánsson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Júlía Þorvaldsdóttir og Hörður Oddfríðarson

Afboða, mæta ekki: Ingibjörg Helga Arnardóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir og Eyleifur Jóhannesson

Fundur 12.05.2026 settur kl. 18.00. Fundurinn var fjarfundur.

Aðeins eitt mál var á dagskrá en það var að samþykka mót á atburðadagatali fyrir næsta sundár.

1. Mót og starfsemi

a. Farið var yfir umsóknir sem borist hafa vegna SSÍ-móta fyrir næsta sundár og þau samþykkt. Mótin raðast svona:

- ÍM25 – SH (Sundfélag Hafnarfjarðar)
- RIG – Sundfélagið Ægir
- ÍM50 - SRR (Sundráð Reykjavíkur)
- IMOC – ÍRB (Íþróttabandalag Reykjanesbæjar)
- AMÍ – Sundfélagið Óðinn
- SMÍ – SH (Sundfélag Hafnarfjarðar)
- Bikar - ÍRB (Íþróttabandalag Reykjanesbæjar)

b. Einnig barst umsókn frá ÍRB um að halda AMÍ (Íslandsmeistaramót aldursflokka) en þeirri umsókn var hafnað og vísað til 2. gr. reglugerðar um Íslandsmeistaramót aldursflokka þar sem kemur fram hvernig mótið skiptist á milli landshluta milli ára. ÍRB er hvatt til að sækja um mótið að ári.

c. Farið var yfir, og samþykkt, önnur mót á atburðadagatalinu en farið hefur fram mikil vinna á þjálfarafundum um að samræma og flokka mótin þannig að góður taktur sé í mótahaldi. Það þykir hafa heppnast vel og samþykkt var uppröðun móta sem sett verður í atburðadagatal.

d. Stjórn þakkar öllum sem komið hafa að þessari vinnu og félögunum fyrir öflugt mótahald.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl. 18.20.